

Ed.

547. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hjónavígslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndinni hefir komið saman um að ráða til, að frumvarp þetta verði samþykkt. Það fer fram á, að brúðhjón innan þjóðkirkjunnar sjeu sjálfráð að, hvort þau vígjast kirkjulegri vígslu eða ganga í borgaralegt hjónaband, en það hefir að eins verið heimilt, ef annaðhvort brúðhjónanna eða bæði voru utan þjóðkirkjunnar, samkv. lögum nr. 4, 19. febr. 1886. Voru þau lög sett af nauðsyn til þess að löglega mætti stofna hjónaband utanþjóðkirkjumanna. Sama nauðsyn er að visu ekki fyrir brúðhjón, sem notið geta vígslu þjóðkirkjupresta, en brytt hefir þó á óskum um, að þjóðkirkjumenn nytu í þessu efni sömu rjettinda, og þykir nefndinni tími til kominn að verða við þeim óskum.

Til efnisbreytinga ræður nefndin ekki, en betur þykir henni fara, að breytt sje efnisröðinni á þá leið, að í fyrstu gr. sje ákvæði um, að brúðhjón sjeu sjálfráð að, hvora vígsluna þau vilji, og þar næst — í sögulegri röð — ákvæði 7. greinar, er lúta að kirkjulegri vígslu, og þá hinar aðrar greinar um borgaralegt hjónaband.

Aðrar breytingar, sem nefndin ræður til, eru að eins orðabreytingar, sem drepið verður á í framsögu.

Leggur nefndin til, að frumvarpið nái fram að ganga, og ber fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Þá er brúðhjón eru saman gefin, er rjett að þau kjósi sjálf, hvort þau taka kirkjulega vígslu eða valdsmaður gefi þau saman, og hefir hvorttveggja sama lagagildi.

2. Á eftir 1. gr. komi ný 2. gr., svo hljóðandi:

Ef þjóðkirkjuprestur eða löggiltur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar gefur hjón saman, skulu þeir gæta ákvæða laga um kirkjulega vígslu, og senda sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um vígsluna, ef það er eigi hann sjálfur, sem vígir.

Eigi ber sóknarpresti nein greiðsla fyrir hjónavígslu, sem annar embættismaður en hann hefir int af hendi.

3. Við 2. gr. (sem verður 3. gr.): Í stað: »er þau vilja láta gefa sig saman í komi:

þar er þau vilja láta gefa sig saman.

4. — 4. — (sem verður 5. gr.) Í stað: »fengin« (í 2. línu) komi: sje fengin.

5. Við 4. gr. Orðið: »veraldlegur« (í 6. línu) falli burt.
6. — 5. — (sem verður 6. gr.) Orðið: »veraldlegir« (í 5. línu) falli burt.
7. — - — Orðin: »eftir því, sem hún getur átt við« falli burt.
8. — - — Í stað: »athöfnin« komi:
hún.
9. — 6. — Í stað: »3. gr.« komi:
4. gr.
10. — - — (sem verður 7. gr.) Í stað: »Fyrir gerð þá, sem 5. gr. tilskilur,
og fyrir eftirrit« komi:
Fyrir hjónavígslu og eftirrit
11. — 7. — Greinin falli burt.

Alþingi, 21. ág. 1917.

Magnús Torfason,
formaður.

Kristinn Danielsson,
ritari.

H. Hafstein.